

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson,  
sérfræðingur  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 03. október 2016  
2016090010/42-8  
TB  
jgo/tb

**Matsáætlanir fyrir 10.000 tonna laxeldi í sjókvíum í Mjóafirði og Norðfjarðarflóa, Seyðisfirði og Stöðvarfirði**

Vísað er til bréfa frá Skipulagsstofnun, dagsettu 8. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlanir Fiskeldís Austfjarða hf. vegna matsskýrsla fyrir 10.000 tonna laxeldi (alls 30.000 tonn) í sjókvíum í fimm fjörðum á Austurlandi þ.e. Mjóafirði og Norðfjarðarflóa (Hellisfirði og Viðfirði), Seyðisfirði og Stöðvarfirði. Náttúrufræðistofnun hefur ákveðið að gefa eina umsögn þar sem allar matsáætlánirnar eru svo til samhljóma þó um sé að ræða mismunandi svæði.

Í öllum matsáætlunum er það fyrst og fremst kafli 4. LÍKLEG UMHVERFISÁHRIF, RANNSÓKNIR OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR þar sem fram kemur hvaða umhverfisáhrifum megi búast við, hvaða rannsóknir eru taldar nauðsynlegar svo og vöktun og jafnframt bent á hvaða mótvægisáðgerðir verður fjallað um, hvers vegna og hverju þær eiga að skila

Um alla framangreinda staði gildir að þar þarf að meta viðtakann þ.e. meta burðarþol hafsvæðanna og samfara því þarf að rannsaka m.a. hafstrauma og endurnýjun sjávar. Samkvæmt matsáætlunum verður farið í þessar rannsóknir og mat á burðarþoli Fyrir Seyðisfjörð og Stöðvarfjörð er sagt að rannsóknir hefjist sumarið 2016 en fyrir Mjóafjörð og Norðfjarðarflóa haustið 2015. Það er spurning hvort hér er átt við 2016 þar sem matsáætlunin er nú til umsagnar og því ætti að hafa komið fram ef rannsóknirnar eru þegar hafnar Að mati Náttúrufræðistofnunar er aðalatriðið að þessar rannsóknir fari fram áður en frummatsskýrsla er afhent svo það sé tryggt að ályktanir í henni byggi á rannsóknum á viðtakanum og burðarþolsmati.

Í öllum matsáætlunum kemur einnig fram að kannarannsóknir eigi lagskiptingu sjávar, súrefnismettun og breytingar eftir árstíma, næringarefni þ.e. grunnástand, botndýralíf og möguleg áhrif á það (mengunarþættir), lagnaðarís og rekís, aðra nýtingu í fjörðunum t.d. fiskveiðar, áhrif á fuglalíf og að gerðar verða hitastigsmælingar.

Ennfremur verður unnið mat á sjúkdómahættu. Hér er orðalag ónákvæmt og svo getur virst sem aðeins eigi að fjalla um sjúkdómahættu fyrir sjálft eldið en að mati



Náttúrufræðistofnunar þarf auðvitað að skoða hættu á að sjúkdómar berist frá fiskeldinu : villta stofna laxfiska. Sérstaklega er fjallað um sníkjudýr þ.e. laxalús í öllum þremur matsáætlunum en ekki minnst á önnur sníkjudýr. Þetta þarf að laga.

Í matsáætlunum er einnig fjallað um að í matsskýrslum verði skoðuð möguleg áhrif af strokulaxi frá kvíasvæðum á erfðamengi laxastofna á Austurlandi. Í matsáætlun fyrir Mjóafjörð/Norðfjarðarflóa er orðalag ónákvæmara en í hinum tveimur matsáætlununum er þar er eingöngu talað um að unnin verði viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra slysasleppinga Gera verður ráð fyrir að sömu aðferðum verði beitt þar og lýst er ma. í matsáætlunum fyrir Stöðvarfjörð og Seyðisfjörð. Einnig þarf að meta áhrif vegna hugsanlegrar samkeppni strokulaxa um búsvæði.

Í kafla 3.4 bls. 10 í matsáætlun fyrir Mjóafjörð/Norðfjarðarflóa er talað um báðar tegundirnar og er þar átt við lax og regnbogasilung. Náttúrufræðistofnun er ekki alveg ljóst hvers vegna það er gert því að öðru leiti er ekki fjallað um regnbogasilung

#### *Niðurstaða*

Náttúrufræðistofnun telur að matsáætlanirnar komi inn á vel flest atriði sem nauðsynlegt er að fjalla um í frummatsskýrslu/matsskýrslu. Ekki er hægt að meta hvort gæði þeirra rannsókna sem fyrirhugaðar eru komi til með að svara því sem til er ætlast en það mun koma fram í frummatsskýrslum. Fyrirhugað laxeldi á Íslandi verður eftir nokkur ár, ef áætlanir ólíkra fyrirtækja ganga eftir, orðið það umfangsmikið að það verður að krefjast þess að vöktun t.d. á strokulaxi og hugsanlegri erfðamengun sé það ítarleg að hún geti svarað hvort hér sé um raunverulega ógn að ræða fyrir villta laxastofna eða ekki. Þetta á einnig við um dreifingu sjúkdóma þ.m.t. sníkjudýra. Eðlilegast hlýtur að vera að þau fyrirtæki sem stunda laxeldi í sjó beri kostnað af vöktuninni þó hún sé í öðrum landshlutum en sjálft eldið. Áður en kemur til stórfellds laxeldis, langt umfram það sem áður hefur verið, þarf að gera ráð fyrir að mat á mögulegum áhrifum, t.d. erfðamengun, sé unnið eins faglega og hlutlaust og mögulegt er. Náttúrufræðistofnun vill sérstaklega benda á kafla II, Meginreglur, greinar 6.-10. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd við úrvinnslu þessa máls.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

